

1.gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Leikskóla Seltjarnarness

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er á Suðurströnd 1-3, 170 Seltjarnarnesi.

3. gr

Tilgangur félagsins er að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra leikskólabarna
- Stuðla að góðum skólaanda m.a. með því að vinna að öfluglu félagslífi í leikskólanum
- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans
- Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi leikskólastarfið til skólastjórnenda og foreldraráðs

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að:

- Skipuleggja viðburði í samstarfi við leikskólann
- Styðja og hvetja deildarfulltrúa til að efla deildaranda og foreldrasamstarf á hverri deild
- Koma á umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál
- Veita leikskólanum lið í að bæta aðstæður til leiks og náms
- Sitja fundi með foreldraráði og skólastjórnendum um skólastarfið

6.gr.

Allir þeir sem eiga börn á Leikskóla Seltjarnarness hafa rétt á því að ganga í félagið ásamt starfsfólki skólans.

7.gr.

Starfstímabil félagsins er leikskólaárið. Aðalfund skal halda að hausti ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Aðeins félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Lagabreytingar.
3. Árgjald félagsins fyrir komandi starfsár.
4. Kosning stjórnar.
5. Önnur mál.

8.gr.

Lagabreytingar ná því aðeins fram að ganga að 1/10 félagsmanna sé mættur á aðalfundi og að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

9. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 11 einstaklingum, 9 félagsmönnum, að jafnaði einum fulltrúa úr hópi foreldra frá hverri deild, auk tveggja fulltrúa úr hópi starfsfólks skólans. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera auk 6 meðstjórnendum. Sami einstaklingur má gegna formennsku í 2 ár að hámarki.

Stjórnarfundir skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði en formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir. Fundir eru opnir fyrir alla félagsmenn.

10. gr.

Árgjald félagsins sem ákveðið er á aðalfundi skal innheimt í upphafi hvers starfsárs.

11. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.